



Reykjavík, 11. mars 2026
USK26010206

UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi: Umhverfis og skipulagsráð
Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 14. janúar 2026, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að gripið verði til aðgerða í því skyni að fjölga bifreiðastæðum í Gufunesi vegna ört vaxandi íbúabyggðar þar. Leitast verði við að hafa bílastæðin eins nálægt fjölbýlishúsum við Jöfursbás og kostur er.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar.

Umsögn:

Unnið er að uppbyggingu á svæðinu í samræmi við gildandi deiliskipulag, nýjasta uppfærsla þess vegna breytinga á borgarlandi var samþykkt 29. febrúar 2024 og var bílastæðum þá fjölgað um 61 frá upprunalegu skipulagi. Var það gert til að bregðast við umframeftirspurn eftir bílastæðum við Jöfursbás 11.

Í dag eru 308 íbúðir tilbúnar á svæðinu; til að þjóna þeim eru rúmlega 220 bílastæði í götu og bílplani við Jöfursbás ásamt 101 bílastæði í bílarkjöllurum tilbúinna íbúahúsa. Það gerir því rúmlega 1 stæði á hverja íbúð sem er umfram viðmiðsfjölda á svæði II skv. bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkur.

Svæðið var og er skipulagt miðað við markmið í aðalskipulagi Reykjavíkur og gildandi stefnumörkun í bílastæðamálum. Þá má benda á að gefið var vilyrði fyrir uppbyggingu hagkvæms húsnæðis á lóð við götuna, og í viðleitni við að lágmarka kostnað var heimiluð uppbygging án bílastæða innan þeirrar lóðar. Á móti hefur bílastæðum í borgarlandi verið fjölgað til að tryggja að innan göngufjarlægðar sé að lágmarki viðmiðunarfjöldi bílastæða skv. bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkur.

Hafin er að hafin vinna við deiliskipulag 2. áfanga uppbyggingar í Gufunesi. Í samræmi við vinningstillögu og rammaskipulag er gert ráð fyrir að þar komi miðlæg bílahús sem



geta nýst öllum á svæðinu en, líkt og fram kemur að ofan, er sú vinna rétt að hefjast og því liggur endanleg tillaga ekki fyrir.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Umhverfis- og skipulagssvið